

Auglýsing

103

3. sept.

um breyting á auglýsing 25. september 1901 um yfirsetukvennaumdæmaskipun
í Vesturamtinu.

Mýrasýsla.

1. Hraunhreppur.
2. Álptaneshreppur.
3. Borgarhreppur og bæirnir í Stafholtstungum fyrir ofan Norðurá.
4. Stafholtstungnahreppur fyrir sunnan Norðurá, og Þverárhliðarhreppur.
5. Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
6. Norðurárdalshreppur.

Vesturamtið, Reykjavík 3. septbr. 1904.

J. Havsteen.

Heilbrigðissamþykkt

104

23. ágúst

fyrir

Vopnafjarðarkauptún í Norðurmúlasýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefir gildi í þeim hluta Vopnafjarðarhrepps, er liggur milli fjarðarins og línu þeirrar, er hjer greinir: Úr Sandvíkurdrangnum í Búðaröxl, þaðan í Fagrafjall, þaðan yfir Miðfjall beint í sjó.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar, auk hans eiga sæti í nefndinni 1 maður, er hreppsnefndin kýs og 1 maður, er sýslunefndin kýs af í-búum kaupþúsins. Kosning gildir til þriggja ára.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, er honum þykir þess þörf eða hinir 2 nefndarmennirnir eða hjeraðslæknirinn óska þess, þó eigi sjaldnar en 3 á ári í mánuðunum marz, júní og október; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundabókina gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt, hann get-

104 ur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en þá skal hann tafarlaust skjóta 23. ágúst málinu til sýslumanns. Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimting á að vera á nefndarfundum og taka þátt í umræðum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett.

Andvirði bóka og ritfanga svo og kostnað, er hlýzt af brjefaskriptum, skal greiða úr sveitarsjóði eptir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að samþykkt þessi sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Henni skal því heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er ræðir um í þessari samþykkt, svo og hvað eina, er mikla þýðingu kann að hafa fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþykktin nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur annar nefndarmaður en formaður krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umbodi nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinnsluvert samkvæmt þessari samþykkt, og skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni ef um brot er að ræða á samþykktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr sveitarsjóði, þá skal hún leggja það mál fyrir hreppsnefndina, og fara fram á að fje sje veitt til þessa. Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll þau hús, sem notuð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gjörð, að unnt sje að halda þeim breinum; gluggar skulu vera á hjörum að minnsta kosti einn á hverju herbergi og trjególf í öllum íverustofum. Heilbrigðisnefndin getur heimtað af leigjanda eða eiganda, að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

7. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört, hrörlegt eða þröngt að heilbrigðisnefndin álitur hættulegt heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

8. gr.

104

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar. ^{23. ágúst}
Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

III. Um fráræslu.

9. gr.

Eldhússkólp og þvottaskólp má ekki láta síga í jörðu svo nærri íbúðarhúsum að hætta sje á því að það saurgi jarðveginn undir húsunum, skal veita öllu skólpi í opnum eða lokuðum ræsum burt frá húsunum svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða á einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn að hvergi komi pollar eða vilpur og hvergi flói út úr þeim, skal hreinsa þau svo opt að ekki leggi ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsyn á því að vatnsheldur botn sje gjörður í eitthvert ræsi, þá getur hún heimtað slíka aðgjörð.

10. gr.

Ef ræsi er gjört meðfram alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga frammeð veginum skyldir að gjöra skólpræsi hver frá sínu húsi úti göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakar gjörð en göturæsið.

IV. Um vatnsból.

11. gr.

Oll opin vatnsból skal verja hverskonar óhreininum; bannað er að láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, sömuleiðis að láta í þau eða nálægt þeim hverskonar saurindi sem er, sorp, slor eða hræ; ennfremur að þvo í þeim eða fast við þau hvort heldur er fatnað, fisk, ull eða hvað helst sem óhreinkar vatnið. Bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nálægt þeim.

12. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum, en svo að millið sje 15 álnir eða meir eptir því sem heilbrigðisnefndin ákveður.

Nú vill einhver gjöra brunn að nýju eða breyta gömlum brunni og skal hann þá tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal leggja dóm á vatnið þá er greptri eða borun er lokið, hvort það er nýtilegt, og hafa gát á því að brunurinn sje gjörður sem hjer segir:

»Ef brunnur er grafinn, þá skal hlada hann innan úr hörðum steini og líma stein við stein með steinlími og skal hleðslan þannig gjörð svo langt að neðan sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa en aldrei skemur en nemi 2 álnum. Í

104 stað slíkrar hleðslu má nefndin leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni 23. ágúst að utan skal láta einhverskonar límkennan leir og skal það lag vera 1 al. á þykkt. Hleðslan skal ná $\frac{1}{4}$ al. eða meir uppúr jörðunni og út frá brunnbarminum skal steypa steinkraga að minnsta kosti $1\frac{1}{2}$ al. á breidd, er halli út frá brunnopinum. Yfir brunnopinum skal vera vatnsheldur hlemmur og skal vatnið úr brunninum tekið með dælu er gangi gegnum miðjan hlemminn, en upp með dælunni skal ganga strompur með hatti yfir svo lopt komist að vatninu.

Þar sem strjálbyggt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefnd leyfa að brunnar sjeu gjörðir úr grjóti án steinlíms og vatnið halað upp í fötu. Utanum opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sjeu að minnsta kosti $1\frac{1}{2}$ al á hæð.

13. gr.

Heilbrigðisnefndin getur bannað að taka vatn úr brunni eða öðru vatnsbóli um stundarsakir ef hún álitur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós að vatnið sje skaðvænt og ekki unnt að gjöra við vatnsbólið svo vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að fylla það svo að engu vatni verði náð úr því.

V. Um peningshús, hauga og forir.

14. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í íbúðarhúsi nema með sjerstöku eptirliti heilbrigðisnefndarinnar.

15. gr.

Ef einhver vill gjöra peningshús, forir, haugstæði eða haughús, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess að haldin sjeu fyrirmæli þau er hjer fara á eptir:

»Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli, en nemi 15 álum eða meir eptir því sem heilbrigðisnefndin ákveður. For má ekki gjöra og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álum. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ al. eða meir upp úr jörðu og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera svo öruggt sje að hvorki menn nje skepnur geti fallið í forina«.

Ef hús standa þjett saman, getur nefndin bannað mykjuhauga og haughús, en heimtað að forir sjeu gjörðar úr grjóti og steinlími eða steinsteypu svo þær sjeu vel vatnsheldar bæði botn og veggir.

16. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir eldri en samþykkt þessi valda óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þó eiganda að skjóta máli sínu undir úrskurð sýslumanns, svo fljótt sem því

verður við komið, þó skal hann innan 8 daga tilkynna heilbrigðisnefndinni mál- **104**
skotið. Heilbrigðisnefndin skal þá útvega álit hjeraðslæknis og senda það **28. ágúst**
sýslumanni, er þvínæst kveður upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

VI. Um salerni.

17. gr.

Þá hús er byggt til íbúðar, skal um leið gjöra sjerstakt salerni, er fylgir húsinu. Gólfíð í því skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í því saurkagga vel vatnsheldan, er nái fast uppáð setunni. Hafa má og salerni innanhúss í sjerstöckum klefa, ef góður loptsúgur er í klefanum, en þá skal tæma saurilátið daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsinu, má hafa salerni yfir forinni þannig að saurindin fari jafnóðum í forina.

18. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátin tæmast óðar en þau fyllast.

Heilbrigðisnefnd skal segja til um, hvar láta megi saur úr salernum.

19. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, er eldri eru en samþykkt þessi, eða þau eru illa gjörð og óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af hús- eigendum að þeir gjöri ný salerni á þann hátt, er segir í 17. gr.

VII. Um sorp og önnur óhreinindi.

20. gr.

Sorphaugar og sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum og ekki nær vatnbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burt allt sorp- ið að minnsta kosti 2svar á ári haust og vor.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi og flutt burt jafnóðum og þau fyllast á þann stað, er hún tiltekur.

21. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori, hausum og dálkum í sjó- inn svoað út taki, ef þessu er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heil- brigðisnefnd leyfir, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt. Formenn eða skip- stjórar bera ábyrgð á því að þessu ákvæði sje hlýtt.

22. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast fyrir, svo fylulopt eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd- in skipað húsráðanda að flytja óhreinindin burtu tafarlaust.

VIII. Um slátrun sauðfjár og fl.

23. gr.

Meðan ekki er reglulegt slátrunarhús í kaupþúninu, getur heilbrigðisnefndin skipað fyrir um að slátrun sauðfjár til sölu fari fram á vissum stað í kaupþúninu og hann sje útbúinn á þann hátt, sem hjer segir:

»Slátrunarsvæðið skal vera umgirt með þiljaðri girðingu er sje að minnsta kosti 1½ alin á hæð. Grunnurinn skal vera steinsteyptur flötur eða úr hefluðum og plægðum borðum, svo auðvelt sje að halda honum hreinum. Utan með grunninum skulu vera rennur með hæfilegum halla til að taka á móti öllu skólpi og leida það á burtu, annaðhvort í sjóinn eða þartil gjörða for, er vera skal vatnsheld«.

Allar kindur skulu flegnar í gálga.

24. gr.

Öllu gori skal fleygja í sjóinn, sje því ekki safnað í for eða borið á túnjafnóðum, en aldrei má safna því fyrir á slátrunarsvæðinu eða í nánd við það.

25. gr.

Öllum sullum og meinum sem og hausum af höfuðsóttarfje skal safna í tunnur, er heilbrigðisnefndin leggur til í þeim tilgangi, og skal hún sjá um að þetta verði eyðilagt á þann hátt, er lög mæla fyrir. Kostnaðinn við þetta skal borga úr sveitarsjóði eptir reikningi.

26. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eptirlit með því, að allur nauðsynlegur þrifnaður og hreinlæti sje viðhafður á slátrunarsvæðinu og í kringum það, og skulu allir skyldir að hlýða fyrir mælum hennar í þessu, hvaðan sem þeir eru.

27. gr.

Hver sá iðnaður, er óþrifnaður eða óhollusta fylgir, svo sem lýsisbræðsla, sútun og fleira þvílíkt, skal vera háður eptirliti heilbrigðisnefndarinnar og fyrir mælum hennar, hvað hreinlæti snertir bæði utan húss og innan.

Lifrantunnur eða keröld mega aldrei vera á almannafæri, heldur á afviknum stöðum eða innan girðinga. Sjeu safnkeröld eða kassar fyrir lifur eða grút grafin í jörðu, gildir hið sama um þau og forir.

IX. Um matvöru.

28. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eptirlit með því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, er sje svikin, skemmd eða skadleg heilsu manna.

Nefndinni skal vera heimilt að taka í búðum fyrir gangverð sýnishorn

af hverri matvöru, er hún telur líkur til að sje svikin, skemmd eða skaðleg heilsu manna og láta rannsaka hana og skal kostnað þenna greiða úr sveitarsjóði. **104** 23. ágúst

Nú er það bersýnilegt eða kemur í ljós við rannsókn hjeradslæknisins, að einhver matvara er skemmd og ekki böðleg til manneldis og skal nefndin þá auglýsa það og vara almenning við að nota hana til manneldis.

Sje varan svikin eða skaðleg heilsu manna eða skepna að álit læknisins, má heilbrigðisnefndin banna að selja hana og, þá er landlæknir hefir staðfest álit hjeradslæknis, láta ónýta vöruna eða á einhvern hátt gjöra hana óskaðlega á kostnað þess, er vöruna hafði á böðstólum.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til manneldis nema hjeradslæknirinn álti það hættulaust.

X. Um bökunarhús.

29. gr.

Þá er bökunarhús er byggt skal heilbrigðisnefndin hafa sjerstakt eptirlit með því að nægilegur þrifnaður sje viðhafður í bökunarstofunni.

Menn með næma sjúkdóma, svo sem berklaveiki, holdsveiki o. s. frv., opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum mega ekki vinna að brauðgjörð.

Deig má ekki hnoða með fótum.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í bökunarstofunni og aldrei má sofa í stofunni.

XI. Um skóla.

30. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti 2svar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju. Hver sá sem tekur til kennslu 5 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefndinni, hvar hann ætli að kenna.

31. gr.

Hver kennslustofa skal vera svo stór að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Gólfid í kennslustofunni skal þvo á hverjum degi, en aldrei má sópa það.

32. gr.

Ef heilbrigðisnefndin verður vör við að börnin eða kennarinn hafa einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það hjeradslækni og tilgreina nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru. Ef skólakennari eða skólabarn hefir berklaveiki og læknir áltur að um sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefndin

104 bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan er af-
 23. ágúst staðin að dómi læknisins.

Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn mega ekki fást við barnakennslu.

XII. Um kirkjugarð.

33. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eptirlit með kirkjugarðinum.

Vatn má ekki standa uppi í garðinum og vatnsból má ekki hafa nær honum en nemi 100 ál. Þurfi að stækka garðinn, skal það gjört með ráði heilbrigðisnefndarinnar. Svo fljótt sem því verður viðkomandi, skal láta kirkjugarðinn vallgróa.

Grafa skal svo djúpt að 2 álna moldarlag sje ofan á kistu.

XIII. Um næma sjúkdóma.

34. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeradslækni við sóttvörnina.

Ef alvarlega næmur sjúkdómur kemur upp á svæði því, er samþykktin nær yfir, er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeradslækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utanhúss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIV. Um sektir o. fl.

35. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipan, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka það lög-taki hjá þeim, sem sekur er.

36. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. janúar 1905.

Samþykkt þessi, sem orðin er til á þann hátt, sem mælt er fyrir um í

1. gr. í lögum 23. október 1903 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveit-
arfelög, er staðfest af amtsráði Austuramtsins. **104**
23. ágúst

Amtsráð Austuramtsins, 23. ágúst 1904.

Páll Briem.

Heilbrigðissamþykkt

105
23. ágúst

fyrir

Norðfjarðarhrepp í Sudurmúlasýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefur gildi fyrir Norðfjarðarhrepp.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs og annar, er sýslunefnd tilnefnd af íbúum hreppsins.

3. gr.

Formaður kveður hreppsnefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir 2 nefndarmenn eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldar en þrisvar á ári; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ákvarðanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimting á að sitja á fundum nefndarinnar, og taka þátt í umræðunum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett. Formaður skal boða þeim fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er hlýzt af brjefaskriptum, skal greiða úr hreppssjóði eptir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka allt það, er umræðir í þessari samþykkt, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði